

Minnisblað Annað salernismál

Við hittumst á fundi, forstöðumaður íþróttamannvirkja Grétar Helgason , formaður hafnarstjórnar Kristján Andri Guðjónsson, hafnarstjóri Guðmundur M. Kristjánsson og bæjarstjóri Gísli Halldór Halldórsson, og ræddum um almenningssalerni í efri bænum. Ísafjarðarhöfn hefur til umráða tvo salernisgáma og hefur annar gámurinn verið á hafnarsvæði, til notkunar fyrir farþega tenderbáta, og hinn gámurinn hefur verið til notkunar á íþróttasvæðinu á Torfnesi. Ætlunin er að gera tilraun með að hafa salernisgáminn á íþróttasvæðinu opinn á skipadögum frá 0900 til 1700. Starfsmaður íþróttasvæðis mun sjá um eftirlit og þrif á virkum dögum en höfnin mun sjá um gáminn á helgum. Verður þetta gert til reynslu á komandi skipasumri. Sett verði upp sérstök merking sem vísar á salernisaðstöðuna.

Ísafirði 08/05/2018

Guðmundur M Kristjánsson Hafnarstjóri